


# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Hinar  
ótrúlegu  
ferðir  
Páls



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlaggað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children  
[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta  
þessa sögu, en ekki selja.



Páll og Sílas,  
þjónar Jesú,  
voru í fangelsi.  
Nei, þeir höfðu  
ekkert brotið af  
sér - þeir höfðu  
rekið  
illan  
anda  
úr konu.





Þeir sýndu  
falsgoðadýrkendum  
í Filippí kraft  
hins sanna Guðs  
og Jesú Krists.





Fyrir það  
voru þeir teknir  
föngum, barðir  
með svipum og  
fangelsaðir.




Þótt eðlilegt  
hefði verið að  
Páll og Sílas  
væru reiðir  
og sárir, voru  
þeir það ekki.





Og meira  
segja um  
miðnætti hófu  
þeir að syngja  
sálma og  
lofsyngja  
Guð, ...






... svo  
allir hinir  
fangarnir og  
fangavörðurinn  
heyrðu.





Skyndilega hætti söngurinn.  
Fangelsið skalf og nötraði af  
jarðskjálfta sem Guð hafði sent.  
Allar hurðir opnuðust, og  
fjötrarnir féllu af öllum.





Fangavörðurinn var  
viss um að allir  
fangarnir hefðu  
flúið í látunum.  
Þótt aðeins  
einn hafði  
flúið, yrði  
fangaverðinum  
refsað með lífláti.





Dapur í bragði, greip  
fangavörðurinn til  
sverð síns. Það  
var eins gott  
fyrir hann  
að ljúka  
þessu af,  
og stytta  
sér aldur.



Þá kallaði Páll í  
fangavörðinn og  
sagði, "Gerðu  
sjálfum þér ekki  
mein, því að við  
erum allir hér."



Þegar  
fangavörðurinn  
áttaði sig, sagði  
hann, "Herrar  
mínir, hvað á ég  
að gera til að  
frelsast?"



En þeir sögðu,  
"Trú þú á Drottinn  
Jesú Krist, og þú  
og heimilisfólk  
þitt, munuð  
frelsast." Af  
fögnuði, meðtók  
fangavörðurinn  
kristna trú.





Eftir að hafa  
verið látnir  
lausir daginn  
eftir, ferðuðust  
Páll og Sílas til  
margra annara  
bæja, til að  
segja frá  
Jesú.





Sumir trúðu,  
en aðrir tóku  
þeim illa. En  
Guð var með  
þjónum sínum.







Nótt eina, er Páll  
hafði predikað  
klukkutímum  
saman, féll ungur  
maður, er sat við  
opinn glugga, til  
svefns. Þú getur  
rétt ímyndað  
þér hvað  
skeði.



Allir vissu að ungi maðurinn  
var dáinn. En Páll fór  
niður, tók utan um  
hann og sagði,  
"Það er líf með  
honum."




Er þeir komu inn,  
með unga manninn  
lifandi, urðu  
þeir mjög  
gláðir við.



Páll og Sílas áttu í mörgum  
ævintýrum er þeir ferðuðust  
saman í Evrópu.


Eitt af  
Páls mestu  
ævintýrum  
skeði um


borð í  
skipi.



Hér var ekki um að ræða hafskip er  
byggt var úr stáli, heldur seglskip  
sem kastaðist til  
og frá í  
slæmum  
veðrum  
á öldum


hafsins.






Ástæðan fyrir því að Páll var á skipinu var sú að hann hafði aftur verið tekinn föngum.





Og nú átti hann að standa frammi fyrir keisaranum í Róm, sem í þá daga var höfuðborg heimsins.






Það leit út fyrir stormasamt  
veður framundan. Slæmt  
veður tafði siglinguna.







Þetta reyndist hin erfiðasta  
sjóferð fyrir Pál, hina fangana,  
og skipshöfnina alla.



Páll varaði skipsmenn við,  
og sagði: "Það sé ég, að  
sjóferð þessi muni enda  
með hörmungum."

Skipstjórinn  
tók ekki mark  
á Páli og ákvað  
að halda úr  
höfn.




Þeir lentu í rosalegu  
fárviðri og reyrdðu  
skipið köðlum  
til að varna  
því frá að  
brotna í  
sundur.







Ef skipið brotnaði í  
sundur, mundu þeir  
allir farast.




Skipið lét svo illa að stjórn í  
ofviðrinu, að skipstjórinn  
fyrirskipaði  
öllum að  
ryðja  
skipið.



Á þriðja degi, vörpuðu þeir út öllum  
veiðarfærum skipsins, í von  
um að það mundi  
hjálpa  
til.



Um nóttina birtist engill  
Guðs Páli, og sagði  
honum að allt  
færi vel.



Hinir skipsmennirnir urðu vonglaðir  
er Páll sagði: "Verið hugrakkir,  
því að ég trúi Guði, að allt  
muni verða í lagi eins og  
mér var gert  
kunnugt.






Samt sem áður, liggur það  
fyrir okkur, að berast  
upp á einhverja  
eyju."



Nokkrum dögum síðar,  
hafði báturinn rekið upp  
að eyjunni Möltu. Hann  
strandaði á klettarifi og  
brotnaði í sundur.



Skipstjórinn skipaði þeim  
er syntir voru, að fleygja  
sér fyrstir fyrir borð  
og synda í land.



Hinum tókst líka að sleppa,  
heilir á húfi, sumir á  
plönkum og aðrir á  
braki úr skipinu.



Á Möltu, sýndi Guð  
kraft sinn. Á meðan  
þeir söfnuðu eldiviði  
til að brenna,  
varð Páll fyrir  
nöðrubiti.



Fólkið hélt að hann  
mundi deyja af bitinu,  
en honum varð ekki  
meint af.



Þá hélt fólkið að Páll  
væri einhvers konar  
guð. Margir sjúkir  
komu og læknaði  
Guð þá eftir að Páll  
hafði beðið  
fyrir þeim.



Að lokum komst Páll til Rómar. Það var ekki fyrr en rúmum tveimur árum síðar, að málflutningur hans

var borinn fyrir keisarann. Páll tók húsnæði á leigu og var gestrisinn þeim er heimsóttu hann.







Hann boðaði þeim Guðs ríki og  
fræddi þá um Drottin Jesú  
Krist. Þar í Róm, eins og  
allstaðar annars  
staðar sem  
hann ferðaðist,  
var Páll þjónn  
Guðs.




“Ég hef barist baráttunni góðu,  
hef lokið kapphlaupinu og ég hef  
varðveitt trúna,” skrifaði Páll  
frá Róm.



Biblían skýrir ekki frá hvernig lífi hans lauk, en annars staðar er skráð að Páll hafi verið hálshöggvinn í Róm, samkvæmt skipun Nerós keisara.



Páll, hinn trúverðugi þjónn Guðs, dó á  
meðan hann sagði öðrum frá Drottni  
sínunum Jesú Kristi.



# Hinar ótrúlegu ferðir Páls

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Postulasögunni 16, 20, 27, 28

Síðara Tímóteusarbréfi 4

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”

Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,  
sem skapaði okkur, og sem vill að þú  
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem  
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er  
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann  
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á  
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.  
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim  
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður  
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá  
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til  
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá  
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem  
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir  
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig  
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér  
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og  
komið svo til að vera með þér í himnaríki.  
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir  
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á  
hverjum degi!

